# Lög

**um breytingu á umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 72. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætast tveir nýir málsliðir sem orðast svo: Þá skal hver sá sem er á bifhjóli nota viðurkenndan lágmarkshlífðarfatnað ætlaðan til slíkra nota. Sama er um þann sem er á hliðarvagni, eftirvagni eða tengitæki bifhjóls.
b. 2. mgr. orðast svo:
   Ökumaður á bifhjóli eða torfærutæki skal sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti hlífðarhjálm. Þá skal ökumaður á bifhjóli sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti viðurkenndan lágmarkshlífðarfatnað.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Samþykkt á Alþingi 17. mars 2007.*